

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 269/2024

2025/EES/25/18

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1721 frá 19. júní 2024 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar sniðmát fyrir viðurkenningu skynvædds hraðastillingarkerfis, þreytu- og athyglisvarakerfis, atvikarita, búnaðar sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss og háþróaðs truflunarvarakerfis ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 52g (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2590) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„52h. **32024 R 1721**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1721 frá 19. júní 2024 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar sniðmát fyrir viðurkenningu skynvædds hraðastillingarkerfis, þreytu- og athyglisvarakerfis, atvikarita, búnaðar sem greiðir fyrir uppsetningu áfengisláss og háþróaðs truflunarvarakerfis (Stjtið. ESB L, 2024/1721, 20.6.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1721, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1721, 20.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1721/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.